

Nd.

## 520. Frumvarp

til laga um seðlaútgáfurjett o. fl.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson, Jón A. Jónsson og Sveinn Ólafsson.

### 1. gr.

Til 31. mars 1923 skal seðlaútgáfu í ríkinu hagað þannig:

Ríkissjóður gefur út og lánar Landsbankanum 3 milj. kr. í seðlum. Það sem umfram er 3 miljónir króna í seðlum í umferð, þá er lög þessi öðlast gildi, má Íslandsbanki gefa út, en þó aldrei hærri uppbæð en 5 miljónir króna. Ríkisstjórnin gefur út þá seðla, sem hún álitur þurfa til að fullnægja viðskiftaþörfinni, umfram 8 miljónir.

### 2. gr.

Seðlar ríkissjóðs, sem í 1. gr. getur, skulu fyrst um sinn trygðir á sama hátt og seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og lögum nr. 2, 12. jan. 1900, og hafa sama rjett að öllu leyti. Þó skulu viðbótarseðlar þeir, er um getur í 1. gr., sem ríkissjóður kann að gefa út umfram 3 miljónir króna, trygðir af Landsbankanum samkvæmt fyrirmælum þeim, er gilda um tryggingu fyrir seðlum Íslandsbanka, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905. Landsbankinn greiðir ríkissjóði eftir á við hver áramót 2% af þeim 3 milj. kr., er um getur í 1. gr., að telja frá þeim degi, er lög þessi ganga í gildi, en ekkert gjald greiðist af viðbótarseðlunum. Gjald til byggingarsjóðs fellur burt. Um gerð seðlanna, prentunarkostnað þeirra og annað, sem að þeim lýtur, fer eftir gildandi fyrirmælum.

### 3. gr.

Ef þörf er á, getur stjórnarráðið gefið nánari fyrirmæli um seðlaskifti þau, er ræðir um í 1. gr., og eru báðir bankarnir skyldir að hlíta þeim fyrirmælum.

### 4. gr.

Leyfistími Íslandsbanka er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. mars 1923 og til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu. Ef ágreiningur rís um þetta milli bankanna, sker stjórnarráðið úr, svo að bindandi er fyrir þá.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkisins, er þá gefur út seðla eins og viðskiftaþörfin krefur, eftir lagafyrirmælum, er sett skulu fyrir 31. mars 1923, og skal í þeim lögum meðal annars skipað fyrir um tryggingu fyrir þeim seðlum, er ríkissjóður gefur út, svo og um gjald til ríkissjóðs af þeim seðlum, er hann lánar Landsbankanum.

5. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja Landsbankanum, með nafnverði, það af gullforða sínum, er losnar við það, að hann afhendir ríkissjóði seðlaútgáfurjett sinn samkvæmt ákvæðum 1. og 4. gr., í hlutfalli við gulltryggingarákvæði laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið Landsbankanum hann til kaups, með fyrnefndu verði, og Landsbankinn neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn hátt binda þennan forða þannig, að Landsbankinn geti eigi fengið hann, ef hann þarf hans til tryggingar seðlum sínum.

6. gr.

Ákvæðin í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um gjald Íslandsbanka til ríkissjóðs, haldist óbreytt, en önnur gjaldaákvæði falli niður.

7. gr.

Allir þeir seðlar Íslandsbanka, sem eru í umferð á hverjum tíma, skulu tryggðir með málmforða samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að lána Íslandsbanka, til bráðabirgða, allt að 5 miljónum króna, gegn þeim tryggingum, er hún telur hæfilegar.

9. gr.

Íslandsbanka er heimilt að auka hlutfæje sitt um 100% eða meira, á þann veg, að ríkissjóður leggi fram hlutfjárukann.

Vilji ríkið nota sjer þennan rjett til hlutakaupa í bankanum, skal verð hinna nýju hlutabrfefa ákveðið af 5 mönnum, 2 kosnum af sameinuðu Alþingi, með óhlutbundnum kosningum, 2 af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, er hæstirjettur tilnefnir. Nefndarmenn þessir hafa óskoraðan rjett til að rannsaka skjöl og bækur bankans og útbúa hans, og meta þeir verð hinna nýju hlutabrfefa eftir þeirri rannsókni.

10. gr.

Nú hefir matsgerð farið fram eftir 9. gr., og ákveður Alþingi þá, hvort hlutakaup skuli gerð og hve mikil. Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutfjármagni skulu engar vera, að því er snertir hlutaeign ríkissjóðs.

11. gr.

Meðan Íslandsbanki hefir með höndum seðlaútgáfu i ríkinu, skuldar því eða það er í ábyrgð hans vegna, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þremur bankastjórum bankans; sama gildir og, ef ríkissjóður gerist hluthafi í bankanum samkvæmt 9. og 10. gr.

12. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir. Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans tynast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

13. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

14. gr.

Þegar Landsbankinn fær í sínar hendur seðlaútgáfurjettinn, samkvæmt lögum þessum, skal stofnað bankaráð við bankann, er skipað sje 5 mönnum. Ríkisstjórnin skipar bankaráðið eftir tillögum frá Búnaðarfelagi Íslands, Fiskifjelagi Íslands, Sambandi isl. samvinnufjelaga og Verslunarráði Íslands, þannig að hver af þessum stofnunum bendir á 2 menn, sem ríkisstjórnin velur á milli, en 5. maðurinn skal vera atvinnumálaráðherrann, og skal hann jafnframt vera formaður bankaráðsins. Bankaráðsmennirnir skulu allir vera búsettir í Reykjavík og skipaðir til 5 ára í senn, og hafa 2000 kr. í árslaun hver, er bankinn greiðir.

Stjórnarráðið ákveður með reglugerð verksvið bankaráðsins, að fengnum tillögum Landsbankans.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

16. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar hluthafar Íslandsbanka hafa á lögformlegan hátt samþykkt skipulag það, er að framan greinir, en falla úr gildi 30. sept. 1921, ef slíkt samþykki hefir þá eigi náðst.

Greinargerð.

Óhjákvæmilegt virðist að koma bráðabirgðaskipun á starfshátt Íslandsbanka, eða styðja hann til að koma á aftur viðskiftum utan lands og innan. Þetta verður tæplega gert án fjárframlaga frá hendi ríkisins, eftir viðhorfinu á þessari stundu, og eru fjárframlögin eftir frumvarpi þessu hugsuð i lánsformi, gegn tryggu veði frá hendi bankans.

En jafnknýjandi og bráðabirgðaskipunin virðist einnig sú ráðstöfun á seðlaútgáfurjettinum, sem varnað geti ríkinu eftirleidis frá því, að eiga mest sitt traust í viðskiftamálum undir seðlabanka, sem bygður er upp af útlendu hlutafje.

Fyrir því er ráðstöfun seðlaútgáfurjettarins sett hjer í samband við bráðabirgðaráðstöfunina, svo að hvorttveggja geti unnist í senn, ef mögulegt er. Hjer þarf ekki frekar að gera grein fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af framkvæmdaleysi um þetta mál og skipulagsleysi seðlaútgáfurjettarins, bæði fyrir

viðskiftin alment og Landsbankann, sem nú er í hættu hafður um þau útlendu viðskifti vegna vanmættis Íslandsbanka, starfandi með Íslandsbanka-seðlum, en sjálfur sneyddur rjettinum til seðlaútgáfu; ákvæðin um hlutakaup ríkisins í Íslandsbanka eru sett vegna þess möguleika, að ástæðurnar kynnu að gera það nauðsynlegt, er tryggileg rannsókn hefði leitt í ljós, að það væri hættulaust öllum hagsmunum ríkisins. En ákvörðun um þetta virðist rjettast að liggi undir Alþingi.

Vjer lítum svo á, að hver sú skipun, sem gerð er á málum Íslandsbanka af hálfu ríkisins, verði jafnframt að leiða til þess, að stjórn hans hverfi undir ríkisvaldið, og þess vegna höfum vjer tekið ákvæði um það inn í frumvarpið.

Vjer höfum reynt að sameina í frumvarpi þessu allar þær tillögur, sem fram hafa komið á þinginu um úrslit málsins og annars virðast geta leitt til sáemilegrar úrlausnar á því, en bætt þar við og breytt, er oss virtist nauðsyn til bera.

Vjer teljum þá meðferð á bankamálunum, sem felst í frv. þessu, líklegasta til að koma þeim í sáemilegt horf og Íslandsbanka í starfhæft ástand, en án einhvers slíks atbeina frá ríkinu virðast líkurnur litlar um að hann taki upp erlend viðskifti og vinni ætlunarverk sitt.